

Fundur í umhverfisnefnd Ásahrepps

Fundurinn var haldinn í Lækjarbrekku 27. ágúst 2014, kl. 19.30.

Fundarmenn voru Örn Ingvarsson, Sigríður Sigurðardóttir og Ingibjörg Sveinsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Eyðing skógarkerfils í Brattastíg.

Umhverfisnefnd var beðin um að koma með tillögur að aðgerðum til að eyða skógarkerfli í Brattastíg.

Til að uppræta eða halda skógarkerfli í skefjum koma eftirtaldar aðferðir til greina m.v. þær upplýsingar sem hægt var að finna á netinu í fljótu bragði:

- **Beit.** Erlendar rannsóknir sýna að búfé bítur skógarkerfil en hér á landi hafa ekki verið gerðar beinar athuganir á áhrifum beitar. Þó má benda á að skógarkerfill breiðist lítið eða ekki út í landi þar sem sauðfé er beitt.
- **Sláttur** og þá a.m.k. tivsvar á sumri. Með slættinum er komið í veg fyrir fræmyndun en við slátt er möguleiki á að kerfillinn þétti sig vegna þess að upp af rótinni vaxa nýjar plöntur með hliðarvexti. Í Evrópu er misjöfn reynsla af slætti skógarkerfils en miklu máli skiptir hvenær slegið er og hversu oft. Heppilegast hefur þótt að slá á milli blómgunar og frælosunar og að fjarlægja slægjuna til að koma í veg fyrir frekari aukningu næringarefna í jarðvegi. Í Eyjafirði hafa verið gerðar tilraunir með slátt á skógarkerfli en hann þótti gefa takmarkaðan árangur.
- **Eitrun.** Niðurstaða tilraunar sem gerð var í Eyjafjarðarsveit sýnir að endurtekin úðun (3-4x) með gjöreyðingarlyfi skilar árangri. Skógarkerfill hopar á þeim svæðum og inn koma frumframvindutegundir sem einkenna röskuð svæði, svo sem njóli, túnfífill, gras og þvíumlíkt. Hins vegar er alveg ljóst að á svæðum þar sem miklar breiður eru af kerfli og hann hefur náð að fella fræ í mörg ár, er baráttan erfið. Úðun í 1-2 skipti skilar árangri en kerfillinn hverfur ekki og því myndi sækja fljótt í sama horf ef úðun er ekki endurtekin.
- **Stinga upp rætur.** Mikil fyrirhöfn og líklega aðeins framkvæmanleg þar sem um stakar plöntur er að ræða.

Nefndin leggur til að fenginn verði verktaki til að hafa jarðvegsskipti á svæðinu, að höfðu samráði við Vegagerðina. Með þessu móti ætti að vera hægt að ná stórum hluta kerfilsins. Síðan þarf að fara yfir svæðið og eitru þar sem ekki næst að hafa jarðvegsskipti. Fylgjast þarf með svæðinu í 4-5 ár á eftir og stinga upp plöntur jafn óðum og þær láta á sér bera. Þá er sitt hvor plantan við veginn að Heiði og Króki og þær þarf að uppræta einnig.

2. Önnur mál

Uppgræðsla rofabarða á Holtamannafrétti

Á nokkrum stöðum á Holtamannafrétti eru rofabörð sem eru að blása upp, t.d. á Þóristungum, Byrgistorfum og Klifshagavöllum. Umhverfisnefnd hvetur til þess að óskað verði eftir ónýtum rúllum hjá bændum og þær tættar í rofabörðin til að loka þeim. Þetta mætti t.d. gera í tengslum við áburðardreifingu á vorin. Taka þarf saman lista yfir þau svæði þar sem rofabörð eru til staðar og forgangsraða þeim. Þessi aðferð hefur t.d. verið notuð af Landgræðslufélagi Biskupstungna með góðum árangri.

Merkar minjar í Ásahreppi

Á nokkrum stöðum í Ásahreppi eru minjar sem eru afar áhugaverðar fyrir ferðamenn, ef þær væru aðgengilegar. Þetta gildir t.d. um hella í Áshverfi, íþróttavöllinn í Þjórsártúni, Grænhól og sjálfsagt einhverjar fleiri minjar.

Lagt er til að haft verði samband við viðkomandi landeigendur og athugað hvort ekki sé einhver flötur á því að gera þessar minjar aðgengilegar fyrir ferðamenn. Í framhaldinu þarf að hreinsa upp úr hellum og væntanlega ráðast í ýmsar lagfæringar á minjunum. Slíkar framkvæmdir þarf að gera í samráði við Minjavörð Suðurlands. Þá þarf að bæta aðkomu og útbúa bílastæði og gera fræðsluskilti. Til að fjármagna svona verkefni er sjálfsagt að vera vakandi fyrir öllum þeim fjölda styrkja sem hægt er að sækja um.

Með því að fjölga áhugaverðum stöðum fyrir ferðamenn þá dvelja þeir lengur á svæðinu og skilja meiri tekjur eftir sig. Auk þess eru minjar hluti af menningarsögu okkar og mikil synd ef þær glatast.

Þá er æskilegt að skoða hvort ekki sé hægt að gera Kláfnum á Tungnaá eitthvað til góða, t.d. mála hann og sjá til þess að hann sé nothæfur ef einhver hefur áhuga á því. Þá er áhugavert að setja upp fræðsluskilti með sögu hans og tengja það við ferjustaðinn við Hald.

Erindisbréf fyrir umhverfisnefnd

Nefndarmenn óska eftir að fá erindisbréf fyrir umhverfisnefnd svo ljóst sé til hvers sveitarstjórn ætlast af henni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.30.